

11. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn mánudaginn 21. desember 2015 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnese 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnese 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnese 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun 2016-2019 síðari umræða.
2. Fundargerð heilbrigðisnefndar lögð fram til kynningar og gjaldskrárhækkun lögð fram til samþykktar.
3. Gögn vegna grenndarkynningar vegna lóðar undir sumarhús fyrir Guðjón Ingólfsson á Eyri lögð fram til samþykktar.
4. Kynningarbréf vegna Endurskoðunar frá KPMG lagt fram.
5. Upplýsingar um stöðu mála varðandi neysluvatn.
6. Bréf frá Héraðssambandi Strandamanna, beiðni um fjárstyrk.
7. Breytingar á reglum um úthlutun byggðarkvóta – lagt fram til samþykktar.
8. Erindi frá FV til fjárlaganefndar Alþingis lagt fram til kynningar.
9. Umræða um greiðslu fyrir fundarsetu.

1. Fjárhagsáætlun Árneshrepp fyrir árin 2016-2019 seinni umræða.

Helstu fjárhæðir A og B hluta fyrir árið 2016 eru heildartekjur um 55,2 millj. kr., heildargjöld 54,4 millj. kr., Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld jákvæð um 475 þús. kr. Rekstrarniðurstaða er því jákvæð um 1,2 millj. kr. Fjárfestingar eru áætlaðar 7,5 millj. kr. árið 2016.

Rekstrarniðurstaða fyrir árið 2017 er jákvæð um 6,3 millj. kr., árið 2018 jákvæð um 6,7 millj. kr. og árið 2019 er rekstrarniðurstaða jákvæð um 5,6 millj. kr.

Álagning fasteignaskatts verður: í A flokki 0,625%, í B flokki 1,32% og í C flokki 1,65%

Fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt.

2. Fundargerð heilbrigðisnefndar lögð fram til kynningar og gjaldskrárhækkun samþykkt af hreppsnefnd.
3. Gögn vegna grenndarkynningar vegna lóðar undir sumarhús fyrir Guðjón Ingólfsson á Eyri lögð fram og samþykkt af hreppsnefnd. Samþykkt undirrituð af oddvita og send byggingafulltrúa.
4. Kynningarbréf vegna Endurskoðunar frá KPMG lagt fram til kynningar.
5. Upplýsingar um stöðu mála varðandi neysluvatn. Búið er að panta geislatæki fyrir Kaupfélagshús og Þórófur Guðfinnsson hefur tekið að sér að setja tækið upp.

6. Bréf frá Héraðssambandi Strandamanna, beiðni um fjárstyrk. Ákveðið að styrkja um 25.000 kr.

113.

7. Breytingar á reglum um úthlutun byggðarkvóta lagt fram. Oddviti hefur samband við Hinrik Greipsson hjá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og gengur frá málinu.
8. Erindi frá FV til fjárlaganefndar Alþingis lagt fram til kynningar.
9. Umræða um greiðslu fyrir fundarsetu. Ákveðið að greiða fyrir þrjá aukafundir fyrir utan hefðbundna hreppsnefndarfundi.
10. Ákveðið var að bóka sölu á lóð á Eyri. Allir fundarmenn samþykkja bókun. Sala á lóð með fastanr. 212-7849 og landnúmer 141671 nú nr. 141730 þar sem Gunnarshús stendur fór fram 17. nóvember 2015. Greiðsla upp á 750.000 hefur borist.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:00